

Ed.

59. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á hafnarstað fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu frá Berufirði til Skinneyjarhöfða og víðar.

(Eftir síðari umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, í framhaldi af þingsályktun 1915 um rannsókn hafnarstaða og lendinga, að skora á landsstjórnina að láta, svo fljótt sem unt er, hafnarverkfræðing rannsaka skilyrði fyrir byggingu öruggrar hafnar fyrir smáskip og vjelbáta á svæðinu milli Berufjarðar og Skinneyjarhöfða, að báðum þeim stöðum meðtöldum, svo og í Vik í Mýrdal eða við Dyrhólaey og enn fremur að rannsaka innsigling og hafnarstað í Þaralátursfirði, og útvega kostnaðaráætlun um hafnarbyggingu eða hafnarbætur, ef tiltækilegt virtist að koma þeim á.